

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Grandi, landnr. 166643 úr Sandlæk 1, landnr. 166590.*

Deiliskipulagið nær yfir lóðina Granda, landnr. 166643 alls 5,1 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir 7.947 m<sup>2</sup> byggingarreit. Heimilað er að byggja innan byggingarreits eitt allt að 200 m<sup>2</sup> frístundahús ásamt 40 m<sup>2</sup> útihúsi (svefnhúsi, geymslu, gróðurhúsi eða þ.u.l.). Mænishæð skal ekki vera meiri en 6 m frá plötu húss.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 3. október 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 3. janúar 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2019